

Titill: Málun

Heiti: MYNL3BM05

Námsgrein: Myndlist

Viðfangsefni: Málun

Þrep: 3. þrep

Einingarfjöldi: 5

Forkröfur: MYNL2AT05 og MYNL2AB05

Lýsing:

Nemendur vinna nokkur frjáls akrýl málverk yfir önnina ásamt ýtarlegri hugmynda- og skissuvinnu. Lögð verður áhersla á að nemendur læri ólíkar aðferðir við að þróa eigin hugmyndir og að hugsa um eigin verk sem listrænt ferli. Nemendur þjálfast sig í að beyta ýmisskonar málunartækni. Jafnt og þétt yfir önnina fá nemendur kynningu á ýmsum málurum og listastefnum á 20. og 21. öld. Nemendur fá þjálfun við að lýsa eigin vinnuaðferðum í rituðu máli ásamt að því að greina rauðan þráð sem tengir verkin þeirra saman.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérhæfðum orðaforða málralistar.
- eigin hugmyndum og vinnuaðferðum innan málralistarinnar og getur komið þeim á framfæri í rituðu máli.
- ólíkum leiðum við gerð málverka
- mikilvægi þess að þróa hugmyndir sínar í gegnum tilraunamennsku og að hugsa um listaverk sem listrænt ferli.
- hvar og hvernig má nálgast upplýsingar og þekkingu um menningu og sjónlistir.
- hvernig má miðla og njóta lista og menningar í víðum skilningi.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja og undirbúa eigin myndlistarverk og beita ýmsum aðferðum form- og litafræðinnar og öðlast þjálfun í að flétta saman fyrirnefnd atriði saman við inntakeigin myndlistarverka.
- nota fjölbreyttar aðferðir við að skapa skerpu í eigin málverkum.
- vinna sjálfstætt og að sýna frumkvæði við gerð eigin verka.
- vinna með eigin tilraunir og að rannsaka möguleika málverksins.
- þróa eigin hugmyndir við gerð málverka.
- finna upplýsingar um sýningar, söfn og listafólk.
- skoða heimildir með gagnrýnum hætti.
- gera grein fyrir eigin verkum í rituðu máli.
- taka þátt í samræðum um myndlist og tjá sig með skýrum og gengrýndum hætti og beita faglegum orðaforða myndlistarinnar.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- vinna sjálfstætt að eigin listaverkum
- rannsaka möguleika málverksins og þróa hugmyndir sínar
- efla athygli og gagnrýna hugsun.
- efla frumkvæði og sköpun.
- vinna skapandi og með frumlegum hætti að eigin myndverkum.
- njóta lista og menningar.

Námsmat

Unnið er með leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir önnina þar sem einstaka nemendur fá einkasamtöl við kennara. Á miðri önn skila nemendur inn málverkum ásamt ýtarlegri skissu- og hugmyndavinnu ásamt greinagerð, nemendur fá skriflega endurgjöf frá kennara. Í lok annar fá nemendur sundurliðað einkunnablað þar sem vinna vetrarins, verkefni, og vinnubók/skissubók eru metin til einkunnar í tölustöfum á kvarðanum frá 1-10. Nemendur fá tækifæri til að hitta og ræða niðurstöður á staðfestinadegi.

-